



Þessir tveir ungu herra létu ekki nokkra rigningardropa á sig fá heldur böðuðu sig í köldum sjónum í Nauthólsvík í gær og sýndu glæsta danstakta þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði. Það er ekki úr vegi að taka þessa gleðigjafa sér til fyrirmyndar og ákveða að finnst rigningin góð, því það er spáð blautu veðri um mest allt land næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

## Óbyggðanefnd miklu dýrari en til stóð

Þegar óbyggðanefnd var komið á fót var reiknað með að hún lyki verkefnum sínum árið 2007. Kostnaður við hana yrði tæpar tíu milljónir króna árlega. Nú er vonast eftir verklökum árið 2024 og kostnaðurinn er langt um fram það sem gert var ráð fyrir í upphafi.

**STJÓRNSÝSLA** Heildarkostnaður vegna starfa óbyggðanefndar er margfalt meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi. Þá var gert ráð fyrir að nefndin lyki störfum árið 2007 en áætlanir nú gera ráð fyrir að síðustu úrskurdir verði kveðnir upp 2023 og að frágangi nefndarinnar ljúki 2024.

Fjarheimildir voru auknar í ár og er vonast til að störfum hennar ljúki 2023. Í fjármálaáætlun segir að það sé þó ekki öruggt að verkið klárast

2023. Einn helsti áhættuþáttur nefndarinnar séu mannskípti en málaflökkurinn sé afar sérhæfður sem mörg ár taki að komast inn í.

Kostnaðurinn við reksturinn var einnig vanáætlaður frá upphafi. Miðað við forsendur í frumvörpum má telja að áætlanir hafi gert ráð fyrir því að störf nefndarinnar kæmu til með að kosta alls um 520 milljónir króna á núverandi hefði nefndinni tekist að skila af sér árið 2007.

Raunverulegur heildarkostnaður af starfi nefndarinnar frá ársbyrjun 1999, á verðlagi júní 2018, er aftur á móti tæpir 1,9 milljarðar króna. Þá er ótalin kostnaður ríkisins vegna vinnu lögmanna fyrir þeirra hönd í þjóðlendumálum en samkvæmt svari frá fjármálaráðuneytinu var hann 363 milljónir króna á árunum 2004-2017. Ofan á þetta bætist síðan dæmdur málskostnaður fyrir dómstólum en lausleg samantekt Frétta-

### Hlutverk nefndarinnar

- Að kanna og skera úr um mörk þjóðlendna, eign ríkisins, og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem telst afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

blaðsins leiðir í ljós að hann er ríflega 110 milljónir króna. Sú fjárhæð hefur ekki verið uppreiknuð. Allt í allt hafa störf nefndarinnar og dómsmál sem af þeim hafa hlotist kostað ríflega 2,4 milljarða króna.

„Ég held það hafi engan veginn verið ljóst í upphafi hve viðamikil gagnaðflunin yrði eða hve mörg ágreiningssvæðin yrðu,“ segir Þórsteinn Magnússon, framkvæmdastjóri óbyggðanefndar. — **jóe / sjá síðu 6**

### Enginn hjalli á spítalanum

**KJARAMÁL** Engin uppsöfnuð þörf er á Landspítalanum eður að yfirvinnubanni ljósmæðra var aflýst á laugar- dag. Þetta segir Páll Matthíasson forstjóri. Þjónustan sem um ræðir sé að langmestu leyti bráðþjónusta og þess vegna hefur því verið sinnt sem þurfti að sinna.

„Það sem hægt var að fresta var það sem við ætluðum að gera í vikunni, sem er sem sagt að hætta að gera 12 vikna ómskoðun en nú verða þær ómskoðanir þannig að það er ekki hægt að tala um uppsafnaða þörf. Við náum að veita þá þjónustu, hún mun ekki skerðast,“ segir Páll.

— **þea / sjá síðu 4**

Páll Matthíasson.

### Fréttablaðið í dag

**SKODUN** Guðmundur Steingrímsson um stjórnmálajörninginn Piu Kjærsgaard. **11**

**SPORT** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir ræðir um næstu verkefni hjá sér. **12**

**MENNING** Jónas Sen dæmir lög eftir íslensk tónskáld. **18**

**LÍFIÐ** María Thelma flýgur af setti með Mads Mikkel-elsen í Reykjavíkumaraþonið. **34**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR**

\*Samkvæmt prentmiðlökunum Callup apríl-júní 2015

### NUTRILENK öflugur liðstyrkur



### Strandgull



Flúgger litir  
flugger.is



## Veður



Hæg norðaustan átt á morgun og rigning eða skúrir, en 8-13 m/s um landið norðvestanvert og skýjað með köflum. Hiti víða 9 til 14 stíg. **SIÁ SÍÐU 16**



Fleiri Danir vilja búa með öðrum fjölskyldum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGISS

## Sambýli freistar nú ungra Dana

**DANMÖRK** Sífellt fleiri fjölskyldur í Danmörku kjósa að búa með öðrum fjölskyldum, foreldrum eða öðrum. Samkvæmt þjóðskrá í Danmörku voru fleiri en ein fjölskylda í 185 þúsund íbúðum fyrir fimm árum. Nú búa fleiri en ein fjölskylda í 226 þúsundum íbúða.

Framtíðarsérfræðingurinn Birthe Linddal segir við danska ríkisútlitavæðing að slík búsetuúrræði verði enn algengari næsta áratuginn. - ibs

## Sviðin jörð



Svona leit skógurinn í Angra í Ljusdal, Svíþjóð, út í gær þegar blaðamenn fengu leiðsögn um svæðið. Skógareldar hafa undanfarið gert Svium lifið leitt og logað allt frá suðri til norðurs. Almannaþingir sögu frá því um helgina að ómögulegt væri að slökka stærstu bálin. Eldunum fækkaði þó úr 80 í 44 yfir helgina. Svíar hafa fengið hjálp frá öðrum Evrópuríkjum við slökkvistarfið, meðal annars frá Norðmönnum og Ítölum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Verðhækkunin á húsnæði í fyrra sú mesta frá árinu 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Verðið hækkadi hvað mest á Íslandi

**VÍÐSKIPTI** Húsnæðisverð hækkadi hvergi meira í heiminum að raunvirði en á Íslandi í fyrra, að því er fram kemur í nýlegri úttekt greiningarfrirtækisins Global Property Guide.

Alls hækkadi raunverð húsnæðis hér á landi um 12,88 prósent á árinu en sérfræðingar fyrirtækisins rekja hækkunina til mikils vaxtar í ferðaþjónustu og takmarkaðs framboðs á húsnæði, sér í lagi í höfuðborginni. Bent er á að verðhækkunin í fyrra hafi verið sú mesta frá árinu 2005.

Næstmesta hækkunin var í Hong Kong þar sem húsnæðisverð hækkadi um 12,81 prósent að raunvirði á síðasta ári en þar á eftir kom Írland þar sem hækkunin nam 11,92 prósentum. Til samanburðar hækkadi raunverð húsnæðis um 6,11 prósent í Svíþjóð en í Noregi lækkaði verðið hins vegar um 0,60 prósent.

Húsnæðisverð hækkadi einnig mest allra ríkja hér á landi að nafnvirði eða alls um 15 prósent á síðasta ári. - kij

# Öruggara á internetinu

Bákkakeðjur er tengdar söfnun, varðveislu og miðlun gagna á netinu með öruggari hætti en áður. Stórskotalið heldur fyrirlestra á ráðstefnu um efnid í Hörpu.

**TÆKNI** Stuðmaðurinn Jakob Frimann Magnússon og athafnakonan Áslaug Magnúsdóttir og hin svokallaða ONE hreyfing í samstarfi við Actai Global, standa fyrir ráðstefnu í Hörpu í dag um bákkakeðjur. „Við getum orðað það sem svo að bákkakeðjan sé örugger til að vera á,“ segir Jakob Frimann, létur í bragði.

Bákkakeðjur eru að stórum hluta tengdar söfnun, varðveislu og miðlun gagna á netinu með öruggari hætti en áður. „Það er stundum talað um að þar sem mikli er í húfi og trausts og gegnseis er vant, þar komi bákkakeðjan sterklega inn. Þetta er órjúfanleg keðja, þannig að það er ekki hægt að eyða hlekkjum í þeirri keðju, svipað og hægt er til dæmis í tölvupóstum; þar er hægt að fara aftur í tímann, breyta dagsetningum, eyða póstum og svelleis. Bákkakeðjan er öflug tækni sem getur nýst í óteljandi ólíkum hlutverkum, til dæmis þegar menn eru að sýsla með höfundarrétt, persónulegu upplýsingarnar þínar, peninga eða rannsóknir.“

Ráðstefnan heitir Fire in the sky, eða Teikn á lofti tækninnar, og hefst klukkan 9 í dag með opnunarræðu menntamálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur. Meðal annars sem fram koma á ráðstefnunni má nefna Bill Tai, stjórnarmann í Bitfury, Ólaf Ragnar Grímsson, fyrverandi forseta Íslands, Oliver Luckett, stofnandi The Audience og Maja Vujinovic, stjórnarmann í Coindesk.

Jakob Frimann er einnig fyrverandi formaður STEF, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, og sem slíkur umhugað um höfundarrétt. Hann greinir frá því að hafin sé samantekt á þeim þáttum tónlistarlífs á Íslandi sem snúa að tekiúflun. „Það er Advania sem stendur að því að greina þann markað með það að leiðarljósi að Ísland verði fyrsta



Ráðstefnan hefst í Hörpu í dag klukkan níu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

## Hvað er bákkakeðja?

Bákkakeðju (e.blockchain) má skilgreina sem bálla af upplýsingum sem geymdar eru með dulköðun í stóru netverki þúsunda tölva. Vegna þess gríðarlega fjölda af tölvaum sem geyma upplýsingar er nær ómögulegt að reyna að breyta þeim. Bákkakeðju verður best lýst með því að þúsundir tölva vinni saman að því að sjá til þess að upplýsingar séu réttar. Ef einstaklingur kaupir eitt bitcoin, sem er stærsta rafmynt í heimi og frægasta afurðin sem nýtir sér bákkakeðju, verður eignin skráð í öllum tölvaum sem tengjast saman.

Sá sem ætlar síðan að taka á móti bitcoin greiðslu getur þannig auðveldlega fengið staðfest að inneign sé til staðar og greiðslan rétt. Til þess að skyta þetta betur má taka dæmi af bók; upprunalega útgáfu af Harry Potter bók. Ef einhver breytir einni slíkri bók í tilteknu bókasafni með því að setja punkt á tiltekinn stað, þá munu bókasöfn um allan heim, sem eiga sömu bók, neita að staðfesta að um breytingu sé að ræða þar sem bókin er ekki í samræmi við sömu bók sem er í þeirra vörslu. **Heimild:** Sjávarklasinn

bákkakeðju-vædda tónlistarþjóðin, þar sem höfundar, flytjendur og útgefendur geti haft beinan aðgang að öllum tekjum og notkun verka sinna frá fæðingu til þess dags sem er 70 árum eftir dauða höfundar, þegar höfundarrétti lýkur.“ Jakob segir kastljósinu beint að

stöðu Íslands sem framsækinnar þjóðar. „Framsækinn er mælanleg að einhverju leyti af internetnotkun landsmanna og nettengingum þeirra. Þar erum við í fremstu röð miðað við höfoatölu, eins og í ýmsu öðru reyndar,“ segir Jakob að lokum. **olof@rettabladid.is**

Póst:dreifing

við komum því til skila

# VOFF VOFF VOFF

Besti vinur mannsins á það til að bita í putta og póst... pössum upp á voffa.

www.postdreifing.is

# AURIS HYBRID

50% rafdrifinn\*



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY



Auris – verð frá: 3.420.000 kr.  
Auris Hybrid – verð frá: 3.490.000 kr.

**HYBRID** Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum Auris, hvort heldur með bensínvél eða í Hybrid útfærslu sem hleður sig sjálf í akstri. Lífgaðu upp á daginn með fararskjóta sem skartar ríkulegum staðalbúnaði og tekur sig jafn vel út að innan og utan. Láttu hjartað ráða för í sumar.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum.



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14

\*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á akurstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækini skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Bíllinn kastaðist ofan í skurð.

## Lést í bílslysi

**ANDLÁT** Einn lést þegar tveir bílar lentu saman í Mosfellsdal á laugardaginn.

Áreksturinn átti sér stað til mótis við afleggjarann að Ésustöðum. Lítið er hægt að segja um tildrög slyssins og er rannsókn á frumstigi, að sögn Valgarðs Valgarðssonar, aðalvarðstjóra hjá Iðgöreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Annar bíllinn var að taka fram úr hinum þegar áreksturinn varð.

Annar bíllinn kastaðist út fyrir veginn og ofan í skurð. Mikill viðbúnaður var á vettvangi og var Þingvallavegur lokaður í um tvo tíma vegna slyssins. Bílstjóri bílsins sem keyrði á hinn, var einn á ferð en sá sem lést var farþegi í bílnum fyrir framan. Bílstjórar beggja bílanna voru fluttir slasaðir á slyshadeild Landspítalans með minniháttar áverka. Allir farþegar bílanna voru íslenskir. -ph



Tóku hvolf af heimili vegna vanrækslu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tafarlaus vörslusvipting

**DÝRAVELFERÐ** Matvælastofnun tók tvær hryssur tafarlausar úr vörslu eigna síns nýverið vegna vanhírðu. Hryssurnar voru hafðar í gerði án aðgangs að beit og tryggrí brynningu. Önnur hryssanna var með folald og hin fylfull. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Matvælastofnun. Gripið var til tafarlausar vörslusviptingar enda hafði kröfum um úrbætur ekki verið sinnt.

Þá var hvolfur tekinn af umráðamanni sínum eftir ábendingu frá Iðgöreglu. Hvolpurinn hafði verið skilinn eftir einn heima í lengri tíma við óviðunandi aðstæður.

Í báðum tilvikum var um að ræða tafarlausar vörslusviptingar þar sem úrbætur þöndu ekki bið, að því er fram kemur í tilkynningunni. -aa

## Bretar andsnúnir áformum May

**BRETALAND** Einungis sextán prósent Breta telja að Theresa May forsætisráðherra standi sig vel þegar kemur að komandi útgöngu ríkisins úr Evrópusambandinu. Þetta kom fram í niðurstöðum könnunar sem YouGov birti í gær.

Um helmingur þjóðarinnar telur að áform May um áframhaldandi aðild að innri markaðnum og tollabandalaginu, gegn ýmsum mála- miðlunum, eftir útgöngu séu hreinlega slæm fyrir Bretland. Þá sögðust einungis tíu prósent geta hugsað sér að styðja áformin ef þau væru sett í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þessi stefna May er einnig umdeild innan ríkisstjórnarinnar sjálfar. Brír ráðherrar sögðu af sér í kjölfar samþykktar hennar, meðal annars Boris Johnson, þá utanríkisráðherra. Dominic Raab, nýr útgöngumálaráðherra, sagði í gær að May væri enn að reyna að sannfæra ráðherra um að stefnan væri sú besta.

Ymislegt fleira kom fram í fyrrnefndri könnun. Meðal annars sögðu 34 prósent aðspurðra að Boris Johnson myndi standa sig betur en May, fengi hann að sjá um útgöngumálin. Afstaðan gagnvart

Brexit virðist þó lítið hafa breyst og myndi um helmingur greiða atkvæði gegn útgöngu, yrði haldin önnur þjóðaratkvæðagreiðsla.

Þá virðist málið hafa laskað Íhaldsflokkinn svo mjög, og reyndar aðra flokka líka, að þriðjungur aðspurðra sagðist geta hugsað sér að kjósa nýjan íhaldsflokk, verði slíkur stofnaður.

Sunday Times



greindi frá því í gær að Nigel Farage, áður formaður UKIP sem barðist af eldmóði fyrir útgöngunni, ætti nú í viðræðum við Steve Bannon, áður ráðgjafa Donalds Trump Bandaríkjaforseta, um stofnun nýs íhaldsflafs. -þea

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands.

## Forstjóri segir enga uppsafnaða þörf eftir kjaradeilu ljósmæðra

Enginn hjalli myndaðist á Landspítalanum vegna yfirvinnubanns ljósmæðra, segir forstjóri spítalans. Hann vonar að þær ljósmæður sem eru hættar komi aftur til starfa. Formaður samninganefndar ljósmæðra segist bjartsýn, en ef tillaga ríkissáttasemjara verði ekki samþykkt í atkvæðagreiðslu horfi málið öðruvísi við.

**KJARAMÁL** Engin uppsöfnuð þörf er á Landspítalanum eftir að yfirvinnubanni ljósmæðra var aflýst á laugardaginn. Þetta segir Páll Matthíasson forstjóri. „Þjónustan sem er ræðir er mest, eiginlega allt, bráðþjónusta og þess vegna hefur því verið sinnt sem þurfti að sinna. Með tilfæringum, með útköllum, með því að flytja fólk annað,“ segir Páll.

„Það sem hægt var að fresta var það sem við ætluðum að gera í vikunni, sem er sem sagt að hætta að gera 12 vikna ómskoðun en nú verða þær ómskoðanir þannig að það er í rauninni ekki hægt að tala um uppsafnaða þörf. Við náum að veita þá þjónustu, hún mun ekki skerðast,“ segir Páll enn fremur.

Yfirvinnubanninu var aflýst á laugardaginn eftir að ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í deilu ljósmæðrafélags Íslands og ríkisins. Fól sú tillaga í sér samþæfingar hækkunar og samningur aðila frá 29. maí síðastliðnum kvæð á um og er gildistíminn til 31. mars á næsta ári.

Einn helsti ásteytingarsteinninn í deilunni var hvort launasetning stéttarinnar væri í samræmi við álag, menntun og inntak starfs ljósmæðra og stóð sá ágreiningur í vegi fyrir undirritun kjarasamnings. Tillaga laugardagsins fól í sér að gerðardómi yrði falið að kveða upp úr um það hvort og að hvaða leyti þessir þættir eigi að hafa áhrif á launasetningu stéttarinnar.

Til stendur að samningsaðilar



Ljósmæður og stuðningsmenn hafa látið í sér heyra að undanfögnu. Nú er yfirvinnubanni lokið, að minnsta kosti í bíli. Forstjóri Landspítalans vonast til að sem flestar ljósmæður dragi uppsagnir sínar til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

**Þjónustan sem um ræðir er mest, eiginlega allt, bráðþjónusta og þess vegna hefur því verið sinnt sem þurfti að sinna.**

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans



greiði atkvæði um tillöguna fyrir hádegis á miðvikudag og verður hún ekki birt öðrum en hlutaðeigandi fyrr en atkvæðagreiðsla hefur farið fram.

Í samtali við Fréttablaðið.is á laugardagskvöld sagði Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður samninganefndar ljósmæðra, að hún væri bjartsýn á framhaldið. Aðspurð hvort hún sé sátt við niðurstöðuna sagði hún: „Ég held að þetta sé niðurstaða sem er eins langt og við höfum komist.“ Katrín sagði þó að verði tillagan ekki samþykkt verði að bóða aftur til verkfalls.

Tugir ljósmæðra sögðu upp vegna deilunnar. Páll segir að sá hópur

skiptist í tvennt. „Annars vegar þær sem eru búnar að segja upp en eru ekki hættar. Við vonum að þær dragi uppsagnir sínar til baka. Hins vegar eru þær sem sögðu upp og eru hættar. Við vonum að sá hópur muni sækja um aftur og koma til vinnu.“

Páll segir að það sé hins vegar þannig í ástandi sem þessu að rót komist á fólk og að einhver hluti skili sér ekki til baka. Það segist hann þekkja úr fyrri reynslu af vinnudeilum. „Það er alltaf áhyggjuefni ef við missum öflug og vel menntað fagfólk sem hefur menntað sig til mikilvægra starfa.“ thorgnyr@frettabladid.is

## DODGE DURANGO GT PREMIUM

dodge.is



**7 MANNA (SJÖ FULLORÐNIR) LÚXUS JEPPI HLAÐINN BÚNAÐI. VERÐ MEÐ AUKABÚNAÐI KR. 10.910.000**

Hentar vel fyrir ferðaþjónustuáðila (hægt að fá niðurfellingu vörugjalda). 32" dekk passa beint undir bílinn. 33" breyting kostar kr. 380.000.

STADALBÚNAÐUR GT PREMIUM M.A.: 7 manna og fer vel um fullorðna í þriðju sætaröðinni, fjarstart, leðursæti, lykillaust aðgengi, upphitað stýrishjól, 20" álfelgur, hiti í fram- og aftursætum, 8,4" snerti- upplýsingaskjúr/aksturstólva, minni í bílstjórasæti, útvarpi og speglum, rafdrifin framsæti, blindhorning, þakbogur með innbyggðum þverbogum, rafmagns afturhleri, Beats hljómkerfi með 9 hátalara og bassaboxi, rafdrifin sóllúga o.m.fl. AUKABÚNAÐUR: Bluray DVD kerfi og málmítur.

**ÍSABAND**  
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI DODGE Á ÍSLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16  
LOKAD Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. ÁGÚST

**DODGE**

# UPPLIFÐU FRAMTÍÐINA NÚNA.

BRUNÐU INN Í FRAMTÍÐINA Í DAG Á NÝJUM  
BMW X1 EÐA BMW X3.



## BMW X1 18d xDrive. Verð frá 5.950.000 kr.

Staðalbúnaður í BMW X1 er m.a.: 8 gíra Steptronic sjálfskipting, 150 hestafla dísilvél með EU6 mengunarstaðli, 17" álfelgur, start-stopp búnaður, BMW professional 100W hljómtæki, handfrjáls símabúnaður, 6,5" litaskjár í mælaborði o.m.fl. Eldsneytisnotkun 4,8 l/100 km.

## BMW X3 20d xDrive. Verð frá 7.190.000 kr.

Staðalbúnaður í BMW X3 er m.a.: 8 gíra Steptronic sjálfskipting, 190 hestafla dísilvél með EU6 mengunarstaðli, 18" álfelgur, start-stopp búnaður, BMW professional 100W hljómtæki, handfrjáls símabúnaður, 6,5" litaskjár í mælaborði, LED dag- og afturljós, bakkmyndavél, leggja í stæði búnaður o.m.fl. Eldsneytisnotkun 5,0-5,4 l/100 km.



Sheer  
Driving Pleasure



BL ehf  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

# Upphaflegar áætlanir afar óraunhæfar

Þegar óbyggðanefnd var komið á fót var reiknað með að hún lyki verkefnum sínum árið 2007 og kostnaður við hana yrði tæpar tíu milljónir króna árlega. Nú er vonast eftir verklokum árið 2024 og kostnaðurinn er langt um fram það sem gert var ráð fyrir í upphafi.

Jóhann Óli  
Eiðsson  
joll@frettabladid.is



**STJÓRNSÝSLA** Heildarkostnaður vegna starfa óbyggðanefndar er margfalt meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi. Í upphafi var gert ráð fyrir að nefndin lyki störfum árið 2007 en áætlanir nú gera ráð fyrir að síðustu úrskurðir verði kveðnir upp 2023 og að frágangi nefndarinnar ljúki 2024.

Forsaga óbyggðanefndar er alllönng og teygir anga sína aftur á miðja síðustu öld. Áður risu oft upp deilur um eignarrétt og afnot á hálendissvæðum. Árið 1955 féll í Hæstarétti dómur, kenndur við Landmannaafreitt í Rangárvallasýslu, sem afhjúpaði óvissu þar að lútandi. Hreppsfélög á Landmannaafreitti höfðuðu mál til víðurkenningar á beinum eignarrétti yfir landsvæðinu í tilefni af deilu um veiðiréttindi í vötnum á svæðinu. Að mati dómsins þótti ekki sýnt fram á að hreppsfélögin hefðu eignast afreittinn með námi, löggerning, hefð eða öðrum hætti. Fleiri dómur um efnið fylgdu í kjölfarið en óvissan ríkti enn.

Árið 1981 féll síðan annar dómur um sama landsvæði. Þá höfðu ríkið mál til víðurkenningar á því að það ætti beinan eignarrétt að svæðinu. Þar var því var slegið föstu að ríkið væri ekki sjálfkrafa eigandi lands sem enginn annar ætti.

Í kjölfar Landmannaafreittardómsins síðari var nefnd sett á fót árið 1984 sem fékk það verkefni að vinna frumvarp til laga um eignarrétt á almenningum og afreittum. Frumvarp, byggt á vinnu nefndarinnar, var lagt fram á Alþingi í árslok 1997 og tóku þjóðlendlögin svokölluðu gildi 1. júlí 1998.

Í lögum er kveðið á um að all land skiptist annars vegar í eignarlönd og hins vegar þjóðlendur, sem eru í eigu ríkisins. Þjóðlenda getur svo jafnframt verið afreittur eða háð öðrum takmörkuðum eignarréttindum annarra en ríkisins. Samhliða var óbyggðanefnd komið á fót en hlutverk hennar var þrjúþætt. Í fyrsta lagi að kanna og skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda, í öðru lagi að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem telst afreittur og í þriðja lagi að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

## Viðamikilið verkefni

Þegar lögin voru sett virðist ekki hafa legið ljóst fyrir hve umfangsmikið verkefni beið óbyggðanefndar. Stefnir var að því að nefndin skyldi ljúka sínu verki árið 2007. Síðar áttuðu menn sig á því að slíkt var ekki vinnandi vegur og fresturinn var lengdur til 2011. Í kjölfar efnahagsshrunins voru seglir dregin saman um skeið en fjárheimildir auknar á ný árið 2013, þó ekki að því marki sem áður hafði verið. Árið 2014 var hið lögakveðna tímamark framleitt til 2015 en fyrrséð var að starfið tæki mun lengri tíma. Endurskoðaði áttíu ákvæðið fyrir árslok 2015 en það hefur ekki verið gert enn.


Fjárheimildir voru auknar í ár og er vonast til að störfum hennar ljúki 2023. Hefði aukningin ekki komið til var talið að nefndin myndi ekki ljúka störfum fyrr en árið 2030. Í fjármálaáætlun segir að það sé þó ekki öruggt að verkið klárís 2023. Einn helsti áhættuþáttur nefndarinnar séu mannskípti en málaflökurinn sé afar sérhæfður sem mörg ár tæki að komast inn í.

Kostnaðurinn við reksturinn var einnig vanaætladur frá upphafi. Í upphaflegu frumvarpi var gert ráð fyrir því að árlegur rekstrarkostnaður nefndarinnar yrði 8,8 milljónir króna, rúmar tuttugu milljónir króna á núvirði, auk rúmlega milljónar í viðbót í stofnkostnaði. Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa kom í ljós að kostnaður landeigenda vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni geti orðið umtalsverður og var þá brugðið á það ráð að kveða á um það í lögum að „naúðsynlegur



Nær allt miðhálandið telst til þjóðlendna. Málum sem varða það er flestum lokið hjá nefndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Niðurstöður og staða mála hjá óbyggðanefnd



**5.100**  
unnar stundir Þjóðskjalasafnsins á ári vegna þjóðlendumála

**22.953**  
framlögð skjöl í málunum

**12.740**  
unnir tíma nefndarmanna

**57**  
fjöldi úrskurða óbyggðanefndar

**9.034**  
blaðsíðufjöldi úrskurða án fylgiskjala og viðauka

**1.051**  
fjöldi hljóðsjónargagna

**80%**  
hlutfall dóma þar sem Hæstiréttur staðfestir niðurstöðu nefndarinnar

ónir króna, rúmar tuttugu milljónir króna á núvirði, auk rúmlega milljónar í viðbót í stofnkostnaði. Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa kom í ljós að kostnaður landeigenda vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni geti orðið umtalsverður og var þá brugðið á það ráð að kveða á um það í lögum að „naúðsynlegur

kostnaður annarra en ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni“ skyldi einnig greiddur úr ríkissjóði. Gert var ráð fyrir 15-20 milljónum árlegri hækkun, allt að 45 milljónum hækkun á núvirði krónunnar, á fjárlagalið óbyggðanefndar vegna þessa. Miðað við þessar forsendur í frumvörpunum má telja að áætlanir

hafi gert ráð fyrir því að störf nefndarinnar kæmu til með að kosta alls um 520 milljónir króna á núvirði hefði nefndinni tekist hið ótrúlega, að skila af sér árið 2007.

Raunverulegur heildarkostnaður af starfi nefndarinnar frá ársbyrjun 1999, á verðlagi júní 2018, er aftur á móti tæpir 1,9 milljarðar króna. Inni

● ● **Ég held það hafi engan veginn verið ljóst í upphafi hve viðamikill gagnaöflunin yrði eða hve mörg ágreiningssvæðin yrðu.**

Þorsteinn Magnússon,  
framkvæmdastjóri óbyggðanefndar

í þeirri tölu er kostnaður við rekstur skrifstofu og laun nefndar- og starfsmanna nefndarinnar. Þá er þar að auki málskostnaður gagnaöfla ríkisins, tæpar 307 milljónir króna, og greiðslur til Þjóðskjalasafns Íslands vegna gagnaöflunar fyrir málin, rúmar 339 milljónir. Þá er ótallinn kostnaður ríkisins vegna vinnu lögmanna fyrir þeirra hönd í þjóðlendumálum en samkvæmt svari frá fjármálaráðuneytinu var hann 363 milljónir króna á árunum 2004-2017. Ofan á þetta bætist síðan dæmdur málskostnaður fyrir dómstólum en lausleg samantekt Fréttablaðsins leiðir í ljós að hann er ríflega 110 milljónir króna. Sú fjárhæð hefur ekki verið uppreiknuð. Allt í allt hafa störf nefndarinnar og dómsmál sem af þeim hafa hlotist kostað ríflega 2,4 milljarða króna.

## Vandað til verka

„Ég held það hafi engan veginn verið ljóst í upphafi hve viðamikill gagnaöflunin yrði eða hve mörg ágreiningssvæðin yrðu. Ef upphaflegt markmið hefði átt að nást hefði þurft mun meiri fjármuni til verksins og ólíklegt er að það hefði dugað til, vegna umfangs og þeirrar sérþekkingar sem þarf á efinu.“ segir Þorsteinn Magnússon, framkvæmdastjóri óbyggðanefndar.

Þegar óbyggðanefnd hefur ákveðið að taka landsvæði til meðferðar fer ríkið yfir málið og ákveður hvaða kröfur það hyggst gera í málinu. Í kjölfarið gefst landeigendum frestur til að gera gagnkröfu áður en óbyggðanefnd leggur úrskurð sinn á málið. Ferlið fyrir hvert svæði getur tekið hátt í tvö ár. Fjöldi gagna í hverju máli fyrir sig er einnig gífurlegur. Til að mynda voru framlögð skjöl og hljóðsjónargögn í fimm málum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu alls 2.145 og úrskurðirir töldu 1.587 blaðsíður án fylgiskjala.

„Skjölín í hverju máli fyrir sig eru oft á torlæsri íslensku fyrri alda og efnislega flökin. Það fer gífurlega mikil vinna í að bera saman skjölín, vega og meta þau í heild og draga af þeim ályktun.“ segir Þorsteinn.

Nýjustu úrskurðir nefndarinnar voru kveðnir upp 3. maí og taka þeir til Dalasýslu. Nefndin hefur nú lokið umfföllun um tæp 84 prósent af flatarmáli landsins og að henni lokinni teljast um 44 prósent þess þjóðlendu en 56 prósent eignarlönd.

„Úrlausn um mörk þjóðlendna og eignarlanda varða bæði ríka almannahagsmunum og mikilvæg réttindi einstaklinga og lögmála og afrakstri þess er ætlað að standa um langa framtíð. Ef almenn sátt á að ríkja um niðurstöðurnar til framtíðar er mjög mikilvægt að það sjáist að öll mál hafi verið rannsökuð til hlitar og afrakstri þess er ætlað að standa um langa framtíð. Þetta atriði skiptir að minnu mati mun meira máli heldur en hið upphaflega og mjög óraunhæfa markmið að ljúka verkefnum nefndarinnar árið 2007. Ef þeim lýkur á næstu sex árum, eins og nú er gert ráð fyrir, þá hefur verkið tekið um 25 ár. Til samanburðar má nefna að sambarileg vinna hefur farið fram í Noregi allt frá árinu 1908, þó með hléum.“ segir Þorsteinn.

E.FINNSSON

# SÓSUR

GERIR GOTT BETRA





Afganskir hermenn hjálpa særðum félagum við alþjóðaflugvöllinn í Kabúl eftir að sjálfsmorðsárás var gerð. NORDICPHOTOS/AFP

## AFGANISTAN

### Sjálfsmorðsárás á alþjóðaflugvöllinn í Kabúl kostaði ellefu Afgana lífið

Sjálfsmorðsárásarmaður myrti að minnsta kosti ellefu og særði fjórtán við inngang alþjóðaflugvallarins í Kabúl á sunnudag. Najib Danish, upplýsingafulltrúi innanríkisráðuneytisins, sagði að árasarmaðurinn hafi verið fótgangandi og að eitt barn hið minnsta væri á meðal hinna látnu.

Mikill fjöldi hafði safnast saman á flugvelli til þess að bjóða varaforsettann og fyrrverandi stríðsherrann Abdul Rashid Dostum velkominn heim úr útleög. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar, stærstu stjórnmálaflokka og stuðningsmenn Dostum voru á leið út af flugvelli eftir móttökuathöfnina þegar árásin var gerð.

Dostum særðist ekki í árásinni. Hann tilheyrir þjóðflokk í Úsbeka og fór í sjálfskipaða útleög fyrir að hafa lagt á ráðin um nauðgun og pyntingar andstæðings síns í stjórnmálum árið 2017 en hin umrædda árás á að hafa verið gerð 2016. Hann hefur verið varaforseti frá árinu 2014 og missti stöðu sína ekki þegar hann fór í útleög.

AFP greinir frá því að Ashraf Ghani forseti, sem tilheyrir þjóðflokk Pash tuna, hafi samþykkt heimkomu Dostums til þess að koma á stöðugleika í norðurhluta landsins, en þar hefur útleög hans verið mótmælt af krafti. Þá er ákvörðunin sögð til þess gerð að tryggja stuðning Úsbeka fyrir forsætakosningar næsta árs.

Dostum hefur alla tíð neitað fyrrnefndum ásökunum og sagðist hafa farið úr landi til að gangast undir læknisskoðun og vegna fjölskyldu sinnar.

New York Times greindi frá málinu sem varð til þess að hann var sendur í útleög árið 2016. Á hann að hafa rotað Ahmad Ischi, formann Junbish-flokksins, og numið að brott þegar þeir voru saman á íþróttaleik. Menn Dostum eru sakaðir um að hafa haldið Ischi gegn vilja sínum í fimm daga, nauðgað honum og gengið ítrekað í sikrokk á honum.

# Tugir myrtir í fjórum árásum



Þórgnýr Einar Albertsson  
thorgnyr@frettabladid.is

Gærdagurinn markaðist af mannskæðum árásum. Fregnir bárust af hryðjuverkaárásum í Afganistan, Tsjad og Pakistan í gær. Frambjóðandi myrtur í Pakistan og ellefu leigubilsstjórar myrtir í Suður-Afríku eftir harðar deilur.



Hermaður og björgunarlíði virða fyrir sér bifreið Gandapur, sem ráðist var á í gær. Gandapur lést og hinir fjórir í bilnum særðust. NORDICPHOTOS/AFP

## PAKISTAN

### Enn ein árásin á frambjóðendur í Pakistan kostaði frambjóðanda réttlætishreyfingarinnar líf sitt

Ikramullah Gandapur, frambjóðandi Pakistönsku réttlætishreyfingarinnar (PTI), fyrst og fjórur særðust þegar sjálfsmorðsárás var gerð á bifreið hans í Khyber Pakhtunkhwa-fylki í gær.

Gandapur hafði verið í frambjóðingunni til borgarráðs í Dera Ismail Khan og var á leið af fundi þegar árásin var gerð. Undanfarið hafði Gandapur fengið reglulegar lífátshótanir og höfðu ellefu lögreglumenn gætt hans. PTI er flokkur Imrans Khan, sem áður var fyrirlíði landsliðs Pakistans í krikket, og mælist flokkurinn með álika miklu fylgi og ríkisstjórnarflokkurinn Múslimabandalag Pakistans (PML-N) í aðdraganda þingskosninganna sem fram fara á miðvikudaginn.

Tíðar árásir hafa verið gerðar undanfarnar vikur á frambjóðendur og kosningafundi og er Gandapur

» Þrjú frambjóðendur pakistanskra stjórnmálaflokka hafa verið myrtir með stuttu millibili.

ekki fyrsti frambjóðandinn sem er myrtur. Sjötíu fórust í árás á kosningafund Lýðflokks Balúkistan fyrr í mánuðinum. Á meðal þeirra var Siraj Raisani, frambjóðandi flokksins. Þá var Haroon Bilour, frambjóðandi ANP, myrtur skömmu fyrr. Á annað hundrað voru svo myrtir í einni stærstu árás pakistanskrar sögu um miðjan mánuð.

Hryðjuverkamenn tengdir al-Kaida, Íslamska ríkinu og Talíbönum hafa gert vart við sig í kosningarátunni og vekja árássirnar óhug. Enn situr fast í minni Pakistana að 158 fórust í árásum í aðdraganda síðustu kosninga, árið 2013.



Lögregla í Nígeríu handtók átta meinta Boko Haram-liða fyrir helgi sem grunaðir eru um að hafa tekið þátt í ráni á 200 skólástúlkum í bænum Chibok. Samtökin hafa kostað að minnsta kosti 20.000 lífið undanfarnar ár. NORDICPHOTOS/AFP

## TSJAD

### Skáru átján og háls og námu tíu á brott

Talið er að vígamenn Boko Haram hafi staðið að hryðjuverkaárás á smábæinn Kaiga-Kindjiría í Tsjad, stuttu frá landamærunum við Níger og rétt norðvestan af Tsjad-vatni. Herinn þar í landi greindist fyrst frá árásinni í gær, en sagði hana hafa verið gerða á fimmtudagskvöld. „Árásarmennirnir skáru átján á háls, særðu tvo til viðbótar og námu tíu konur á brott,“ var haft eftir heimildarmanni í umfjöllun AFP.

Hryðjuverkasamtökin hafa skilið eftir sig sviðna jörð í Nígeríu

og nærliggjandi ríkjum allt frá því þau gripu til vopna árið 2009.

Að minnsta kosti 20.000 hafa farist í árásum þeirra og tvær milljónir eru á vengangi í heimalandinu.

Nígerískir hermenn hefur fengið liðsstyrk frá Tsjad, Kamerún og Níger í baráttunni gegn Boko Haram og hafa samtökin að undanfögnu gert

æ fleiri árásir í Tsjad. Í mai voru til að mynda sex myrtir, þar af fjórir erindrekar ríkisstjórnarinnar, á eyju á Tsjad-vatni.

Nígerski herinn greindi svo frá því í gær að tíu hryðjuverkamenn hefðu verið dreprin eftir að Boko Haram réðist á herstöð í suðvesturhluta landsins. „Aðfaranótt föstudags réðust hryðjuverkasamtökin Boko Haram á herstöðina í Baroua,“ sagði í tilkynningu frá varnarmálaráðuneytinu. Einn nígerskur hermaður fórst og tveir særðust.

## SUÐUR-AFRÍKA

### Ellefu leigubilstjórar myrtir

Ellefu leigubilstjórar frá Gauteng-fylki voru á leið sinni heim til Jóhannesborgar og fyrrinótt þegar skotið var á smárútna sem þeir ferðuðust á og þeir myrtir. Þeir voru á leið heim úr jarðarför kollega síns í Kwa-Zulu Natal. Fjórir aðrir leigubilstjórar særðust í árásinni.

Óljóst er hver þeir ábyrgð á árásinni en BBC greinir frá því að erjur leigubilstjóra í Suður-Afríku hafi

áður leitt til ofbeldis. Smárúturnar sem leigubilstjórarirnir keyra eru vinsælasti ferðamáti Suður-Afríku.

„Setið var fyrir bifreiðinni. Ellefu fórust og fjórir særðust alvarlega. Það hefur verið mikið um ofbeldi á milli leigubilstjóra á þessu svæði en við erum enn að reyna að komast að því hverjir báru ábyrgð á árásinni,“ sagði Jay Naicker, upplýsingafulltrúi lögreglu, við fjölmiðla. Sagði hann árásina jafnframt hafa

verið gerða á milli bæjanna Colenso og Weenen.

Vika er síðan leigubilstjóri var myrtur í bíl sínum í ríkinu og voru tveir aðrir á sama tíma myrtir á meðan

þeir nutu lögregluflugdaga. Í mai voru svo tíu myrtir vegna erja leigubilstjóra í Hófðaborg.

# 18

voru myrtir í árás Boko Haram

# 10

bilstjórar voru myrtir í mai



# Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

frá 1.999



Álskóflur



4.895

Viðgerðarbretti

Sonax hreinsivörur á frábæru verði



19.999

Öflugar háprýstidælur 165Bör 1800W



9.999

Háprýstidæla 1650W



3.795

Hjólattjakkur 2T m/tösku



9.999

6T Búkkar 605mm Par



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



frá 395

frá 395

Hjólbörur 100kg

3.995

Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Laufahrifur

frá 999



frá 395

Ruslatínur



frá 995

Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

79.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



Steðjar í miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Vice Multi angle

6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



7.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm

Fjolsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



14.999

Hjolsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Facebook logar



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is

Það hlýtur að vera ákjósanlegt að lifa fremur rölegu lífi í sátt við sem flesta. Þeir sem slíkt líf kjósa eru ekki líklegir til að rjúka upp við öll möguleg tækifæri og hella úr skálum reiði sinnar. Þeir sjá sér engan hag í því enda er vitað að slíkt er engan veginn gott fyrir sálarlífið og rænir fólk orku sem það gæti nýtt til mun þarfari verka. Það eru þó óþarflega margir einstaklingar sem kjósa einmitt að eyða ómældum tíma og orku í að skammast sem allra mest, helst sem oftast. Þannig virðist þeim líða best. Sumir þessara einstaklinga virðast vera geðvondir að upplagi meðan aðrir vilja bara láta taka eftir sér og telja að ákjósanlegasta leiðin til þess sé að hafa nógu hátt. Síðan er dagóður hópur, hvímléiður og einstaklega hávær, sem lifir í pólitískum rétttrúnaði sem hann vill þvinga upp á aðra og mislíkar allt sem ekki þjónar málstaðinum og bendir ásakandi á þá sem ekki vilja fylgja þeim.

A netinu eru kjóraðstærðir fyrir alla þá sem hafa það nánast að tómsundagarni að þefa uppi það sem þeir telja vera ósóma. Þar er mögulegt að koma óánægju sinni á framfæri á órskotsstundu, fá sterk viðbrögð og vekja um leið rækilega athygli á sjálfum sér. Það er því engin furða að þar hafa margir hreiðrað um sig og eru beinlínis í leit að einhverjum sem þeir geta gert að deiluefni. Þar sem þeir eru venjulega afar fundvisir hafa þeir stöðugt við eitthvað að iöja.

Oft þarf ekki mikið til að gifurleg gremja gripi um sig hjá þessum hópi. Ótal dæmi má nefna, hér er eitt, sem er ekki hárnákvæmt en á sér því miður hlíðstæður í íslenskum raunveruleika: Dólgafeministi fletti endurútgáfu á sigildri og ljúfri barnabók þar sem stúlka situr við sauma meðan bróðir hennar er úti að leika. Feministinn fróufellir vegna stórhættulegra kynjaviðhorfa sem endurspeglast í bókinni og fær skoðanasystur sínar á Facebook í lið með sér. Sameinaðar í fordæmingu koma þær sér í hlutverk geltandi varðhunda og krefjast þess að bókinni verði tekin úr umferð hið snarasta. Hrekklaus-um útgefanda fer að líða eins og hann hafi framið glæp og hlístar nánast niðurbrotinn upp úr sér afsökunum, enda skilist honum að allt sé vitlaust á Facebook. Hann, eins og svo margir, þráir að fá þar líke en ekki skammir.

Þegar netverjar leggjast margir saman á áramar í fordæmingu sinni þá heitir það í daglegu tali: „Facebook logar“. Hún logar náttúrulega alls ekki. Langflestir Facebook notendur hafa engan áhuga á málinu sem sagt er hafa kveikt í Facebook. Það sem gerðist var að hávaðahópur fékk mikla athygli og komst í fjölfjölda, en það jafngildir engan veginn því að skoðunin sé meirihlutaskoðun. Stór hópur tók alls ekki eftir málinu og þeir sem tóku eftir því hristu margir höfuðið og fannst hrein vitleysisgangur hafa verið þar á ferð.

Facebook „logar“ með reglulegu millibili, en það er engin sérstök ástæða til að kippa sér upp við það. Hópur hávaðafólks er stöðugt að finna sér mál til að hamast á en hefur samt ekki ýkja mikið úthaldi og missir áhugann eftir nokkra daga. Það er nefnilega komið upp nýtt mál, algjör skandall, sem þarf að einbeita sér að – í þrjá daga eða svo.

Þegar netverjar leggjast margir saman á áramar í fordæmingu sinni þá heitir það í daglegu tali: „Facebook logar“. Hún logar náttúrulega alls ekki.

## Haldór



## Frá degi til dags

### Brúðumeistarinn

Þau tíðindi berast utan úr heimi að Steve Bannon, brúðumeistarinn á bak við hreyfingu þjóðernispopúlista í Bandaríkjunum, ætli að koma á fot samtökum í Brussel til þess að stöjva við öfgaihdalsöfl í Evrópu í aðdraganda kosninga á Evrópuþingið sem fram fara á næsta ári.

Samtökin, sem þessi fyrrverandi ráðgjafi Trumps Bandaríkjaforseta ætla að kalla The Movement, eiga að veita þjóðernispopúlísum ráðgjöf um hvernig sé best að ná til kjósenda og til hvaða kjósenda eigi að biðla. Hefur Bannon nú þegar rætt við áhrifamikla popúlísta í Evrópu og list þeim bara bysna vel á pláni.

### Framtíðin

Miðað við þann árgangur sem Bannon náði í Bandaríkjunum, og þjóðernispopúlístar hafa nú þegar náð í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Ítalíu, Frakklandi, Þýskalandi, Austurríki og víðar, ætlu þessi áform að vera áhyggjuefni fyrir frjálslynda Evrópubúa.

Ef frjálslynd stjórn málaöfl taka ekki höndum saman og hafna þjóðernishyggju mætti því vel sjá fyrir sér að Pia Kjaersgaard verði forsætisráðherra Danmerkur og Marine Le Pen forseti framkvæmdastjórnar ESB. Búast mætti við því að framleiðsla þyrfti margfalt fleiri „Nej til racisme“ limmiða. thorgny@frettabladid.is

## Íslenskan á tímum örra breytinga



Lilja Alfreðsdóttir  
menntamálaráðherra

Íslenska tungan er eitt af því sem gerir okkur að þjóð. Við höfum náð að varðveita hana og hlúa að henni í gegnum aldirnar. Hins vegar er alveg ljóst að íslenskan hefur átt undir högg að sækja í kjölfar örra tækni- og samfélagsbreytinga.

Tækniþyngingin er að gjörbreyta okkar daglega lífi. Um leið og það felast tækifæri í þessari þróun, þá er hún einnig áskorun. Til að mynda hefur snjalltækjaþyngingin aukid aðgang að erlendu afþreyingarefni. Vegna allrar þeirra tækni sem er í boði, þá hefur þróunin verið sú að fólk leitar upplýsinga og talar við tækin sín á ensku. Til þess að íslenskan verði gjaldgeng hafa stjórnvöld ákveðið að hrinda í framkvæmd máltekníáætlan fyrir íslensku 2018-2022. Markmið hennar er að tryggja að hægt sé að nota íslensku í samskiptum við tæki og í allri upplýsingavinnslu. Þannig gerum við tungumálið okkar gildandi í stafrænum heimi til framtíðar.

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum, sem felast meðal annars í því að börnum með annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað verulega í skólakerfinu. Samkvæmt Hagstofnunni eru nú yfir 12% leikskólabarna og tæp 10% grunnskólabarna sem hafa erlent móðurmál. Hlutfall ungs fólks sem brautskrást úr framhaldsskóla með annað móðurmál en íslensku er mun lægra en þeirra sem hafa íslensku sem móðurmál. Þrátt fyrir að þróunin hafi verið að batna, þá virðist vera að menntakerfið okkar verði að gera mun betur svo að öll börn geti notið sinna hæfileika. Ljóst er að bæta þarf aðstöðu þessara nemenda og endurskoða þá stefnu sem mótuð hefur verið til þessa. Leiðarljósið í nýrri stefnu verður að auka íslenskukennslu til að auka líkurnar á því að börn með annað móðurmál en íslensku hafi sömu tækifæri og aðrir í menntakerfinu.

Það eru forrétindi fyrir litla þjóð að tala eigið tungumál. Við verðum sjálf að vera meðvituð um mikilvægi þess að leggja rækt við málið okkar og nota það. Tungan leikur lykilhlutverki í menningarlegu fullveldi þjóðarinnar.

**ALLIR ÚT AÐ HJÓLA**

**MEÐ TUDOR**

Veldu öruggt start með TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

**SKORRI**

SÉRFRÆDINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**

Bildsbíla 42 + 110 Rvk + 577 1515 + skorri.is

# Pia og lýðræðið

## Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Af öllum viðburðum sumarsins — Guns N' Roses, Arcade Fire, Secret Solstice, Listahátíð — er óhætt að fullyrða að stjórnmalagjörningurinn Pia Kjærsgaard á Þingvöllum verði afdráttarlaust talinn þeirra misheppnadastr. Viðburðarstjórnendur bjuggust, einhverra hluta vegna, við fimm þúsund manns, en einungis nokkrar hræður mættu. Aðallega var um að ræða erlenda ferðamenn sem voru á Þingvöllum hvort sem er og svo var þarna — ef marka má blóðin — einn mótmælandi, einn fyrrverandi ráðherra og einn fyrrverandi sendiherra.

Þetta var klúður. Tilefnið var ágætt, þótt það verði að segjast eins og er að hingað til hefur dagsetningin 18. júlí ekki haft neina sérstaka þýðingu í hugum neins nema þeirra sem eiga afmæli þennan dag, eins og Mandela og Denni frændi. En það var þá sem sagt á þessum degi fyrir hundrað árum sem ný sambandslög um fullveldi Íslands voru samþykkt. Og þá vitum við það.

## Óbragðið á eftir

Það er hins vegar hvergi hoggjó i stein að af svona ágætu tilefni þurfi endilega að halda 80 milljón króna fund á Þingvöllum, samþykka skritin þingmál og bjóða forseta danska þingsins að halda hátíðarræðu, sérstaklega ekki ef hún er líka ákaflega umdeild fyrir skoðanir sínar á öðrum þjóðum og trúarbrögðum. Það er rosalega margt annað hægt að gera. Til dæmis fannst mér viðburðurinn daginn eftir, þar sem fólk yfir hundrað ára kom saman á Hrafnistu, með litlum tilkostnaði, miklu áhrifameiri. Það má gera meira þannig.

Óbragðið eftir Þingvallafundinn er umtalsvert. Hvers vegna gat lykilmál með stjórn landsins ekki haft meiri skilning á því að koma Piu Kjærsgaard og viðhöfnin í kringum hana var ekki að slá í gegn? Af hverju í ósköpunum datt forystufólk í þann gir að skammast út í þá einstaklinga og stjórnmalasamtök sem töldu ekki ástæðu til að sýna henni sérstaka virðingu? Pia Kjærsgaard hefur ekki áunnið sér mikla virðingu. Kannski á hún skilið svipaða virðingu og hún hefur í kjölfar fundarins sýnt þeim íslensku stjórnmalamönnum sem kusu að hlýða ekki á hana. Sem sagt litla. Kannski á hún skilið jafn mikla virðingu og hún hefur sýnt flóttafólki á stjórnmalalaferli sínum. Sem sagt enga.

## Opið samfélag

Í aðdraganda fundarins, og eftir



**Þótt Danmörk breytist í einhvers konar rasistaland þarf Ísland ekki að gera það líka.**

leik, gætti merkilegra röksemda. Reynt var hálfpartinn að skamma fólk til virðingar við Piu. Hún er jú forseti danska þingsins. Hún hefur sótt umboð sitt lýðræðislega.

Vissulega á að bera virðingu fyrir lýðræðinu. En hvað er lýðræði? Eins og svo oft áður finnst mér gæta þeirrar hugmyndar, að lýðræði sé kosningar og ekkert meira en það. Svo á að bera virðingu fyrir þeim sem eru kosnir og þegja þess á milli.

En það er ekki lýðræði. Lýðræðið er alltaf. Það er virkt. Það er lifandi. Það er á degi hverjum. Í iðandi og opnu samfélagi þar sem ólíkar skoðanir fá að heyra og dafna er það fullkominn misskilningur um eðli lýðræðis að halda að lýðræði sé bara eitthvað sem maður stundar bak við hengi í Hagaskóla á nokkurra ára, eða mánaða, fresti. Það að íslenskir þingmenn — sem eru jú líka lýðræðislega kjörnir og hafa umboð til sinna verka — kjósi að hlýða ekki á Piu Kjærsgaard og sýna þannig andúð sína á skoð-



unum hennar, það er birtingarmynd lýðræðis. Mörgum finnst þetta óþolandi, en svona virkar hið opna samfélag. Við látum skoðanir okkar í ljós, hvenær sem okkur sýnist.

## Fullveldið

Annað dæmi: Donald Trump er lýðræðislega kjörinn forseti Bandaríkjanna. Og jú, maður skal bera virðingu fyrir því. En upp að hvaða marki gildir það? Það að hann hafi verið kjörinn breytir því ekki, að Donald Trump er að margra mati talsmaður ógeðslegra skoðana, sundrunar, mannhatus, fordóma og fávítaskapar. Við lifum á tímum þar sem það er beinlínis ógnarmikilvægt að fólk liti einmitt ekki svo á að Donald Trump eigi rétt á virðingu bara vegna þess að hann var kosinn. Ætti hann að flytja hátíðarræðu? Það finnst

mér ekki. Donald Trump og hans stuðningsfólk á að finna fyrir því að stefna hans er ekki almennt viðurkennd. Um hana ríkir engin sátt. Hún er ógeð. Í krafti lýðræðis gefst fólk færi á að segja einmitt það. Alltaf.

Sama gildir um Piu Kjærsgaard. Danski þjóðarflokkurinn fékk 21% atkvæða í síðustu þingkosningum í Danmörku, rétt er það. Hann varð annar stærsti flokkurinn. Og jafnaðarmenn tóku upp kynþáttahyggju. Gott og vel. Geri Danir þetta. Verði þeim að góðu. En eigum við að bugta okkur og beygja fyrir því? Mega íslenskir þingmenn ekki láta andúð sína á þessari þróun í ljós, og það á helgireit síns eigin lýðræðis? Þótt Danmörk breytist í einhvers konar rasistaland þarf Ísland ekki að gera það líka.

Við erum jú fullvalda.

jeep.is

MÁN ÞRI MIÐ FIM FÖS LAU SUN

Jeep Compass

## JEEP COMPASS LIMITED OPENING EDITION

**JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF. 600.000 KR. AFSLÁTTUR. TILBOÐSVERÐ 5.385.000 KR.**

DÍSEL 2.0L 170 HÖ, 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING. FULLT VERÐ 5.985.000 KR.

AUKAHLUTIR: 18" ÁLFELGUR, BAKKMYNDAVÉL OG LITAD GLER. ADEINS 3 BÍLAR Í BODI.

**ÍSABAND**  
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSADILI JEEP, Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16  
LOKAD Á LAUGARÐOGUM Í SUMAR FRÁ 16. JUNÍ TIL OG MEÐ 4. ÁGÚST

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE

# Stefnir aftur á Opna breska

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir fékk langþráð fri í síðustu viku sem hún nýtti til þess að láta gott af sér leiða um leið. Í þessari viku freistar hún þess að komast inn á Opna breska meistaramótið, annað árið í röð.

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir atvinnukylfingur kom heim um nýliðna helgi, bæði til þess að taka þátt í göðgerðarmóti til styrktar Umhyggju, félagi langveikra barna, og hlada batteriinn fyrir komandi átök. Ólafía Þórunn er mikið á ferð og flugi vegna þátttöku sinnar í LPGA-mótaröðinni hér og þar um heiminn. Ólafía segist hafa farið fram úr sér í álagi á síðasta ári og tækifæri sem þetta til þess að gefa af sér og hitta vini og ættingja því kærkomið. Þegar Ólafía Þórunn fékk þessa fri-helgi hafði hún þar áður tekið þátt í LPGA-mótum fimm helgar í röð með tilheyrandi ferðalögum.

„Það er æðisleg tilfinning að láta gott af sér leiða. Í fyrra héldum við sams konar mót, sem var til styrktar Barnaspítala Hringinsins. Þá heimsóttum við Barnaspítalann og afhentum peninginn af mótinu í kjölfarið og vörðum heilum degi þar með krökkunum. Það var algerlega frábært og bara einn skemmtilegasti dagur lífs míns. Umhyggja er þannig félag að það er ekki mögulegt að heimsækja alla félaga samtakanna á einum vettvangi. Þannig að við munum láta það duga að láta fé af hendi rakna í þetta skiptið.“ sagði Ólafía Þórunn um mótið sem hún og kollegar hennar í LPGA-mótaröðinni tóku þátt í á miðvikudaginn í síðustu viku.

„Það er gaman að koma hingað heim og spila við óðruvísi aðstæður en við erum vanar. Við spilum á fjöldanum öllum af svipuðum viðburðum á hverju ári, en það sem gerir þetta mót sérstakt er að Hval-eyrarvöllur er einstakur völlur og þetta er mjög frábært því sem við eigum að venjast, bæði á keppnis-mótum og svona styrktarmótum. Það er vissulega mjög kalt hérna, en ég sakna þess að spila í evrópsku landslagi og loftslagi eftir að hafa spillað mikið í Bandaríkjunum og svölitið í Asíu.“ sagði Ólafía Þórunn um veru sína hér á landi.

„Ég fann það líka áður en ég kom hingað að ég var orðin andlega og líkamlega þreytt eftir langa og stranga törn. Um leið og ég kom hingað og andaði að mér íslenska loftinu og hitti fjölskyldu og vini jókst orkan og ég varð öll ferskari fyrir vikið. Ég hef lært það af reynslunni að það er nauðsynlegt að taka fri inn á milli og ég verð að vera duglegri í því að velja mér verkefni og finna svo tíma inn á milli til þess að kúpla mig frá golfheiminum. Eftir Asíutörnina í lok síðasta árs var ég alveg uppgefin og hefði verið til í bara mánuð í fri. Þar lærði ég það að ég verð að vera duglegri að taka oftast styttri fri hér heima. Þetta er mjög endurnærandi.“ sagði Ólafía Þórunn um mikilvægi þess að koma heim reglulega.

Hún er kominn langt í golfheiminum, en hún er að keppa í LPGA-mótaröðinni og keppir reglulega á risamótum. Ólafía mun í þessari viku taka þátt í móti í Skotlandi þar sem sæti á Opna breska meistaramótinu er í boði fyrir göðan árangur. Ólafía langar mikið að fara þangað, auk þess að vera með tvo drauma í kollinum.

„Það væri ofboðslega gaman að taka þátt í Opna breska meistaramótinu aftur. Ég spilaði á Opna breska í fyrra eftir góða frammi-stöðu í Skotlandi. Vonandi tekst mér að spila nógu vel aftur til þess að ná að endurtaka leikinn. Mér finnst gott að spila aðeins meira



Ólafía Þórunn Kristinsdóttir reynir í vikunni að komast inn á Opna breska meistaramótið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

Ég hef lært það af reynslunni að það er nauðsynlegt að taka fri inn á milli og ég verð að vera duglegri í því að velja mér verkefni og finna svo tíma inn á milli til þess að kúpla mig frá golfheiminum.

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir

í Evrópu á komandi vikum. Þar á eftir er annað mót í Evrópu og nýlega kom í ljós að ég verð með í liðaþæppi á Evrópumóti. Þó svo að það sé kalt og vissulega oft meiri vindur á mótum sem haldin eru í Evrópu og sérstaklega Bretlandseyjum þá kann ég vel við það og líður vel í umhverfi sem ég ólst upp við. Það er gaman að Haraldur Franklin Magnús komst inn á mótið karlamegin.“ sagði hún um nána framtíð hvað golfið varð.

„Ég er með skýra mynd í kollinum hvert ég stefni. Ég hef ofboðslega gaman af því sem ég er að gera og það gefur mér mikið að vera að vinna hörðum höndum að ákveðnu mark-

mið. Mig langar mjög mikið til þess að spila á Asíusveiflunni og síðan er það Evian-mótið sem haldið er í Frakklandi í september á hverju ári. Þar koma þeir sem staðið hafa upp úr á LPGA-mótaröðinni og LET-mótaröðinni. Það er síðasta stórmótið á hverju ári og væri alger draumur að taka þátt í því móti. Til þess að fyrrgreindir draumar geti orðið að veruleika þarf allt að smella saman á einu móti og það er vel raunhæft að það geti gerst. Þú þarft bara eitt gott mót einhvern tímunn á árinu til þess að komast þar að. Ég hef allavega klárlega trú á því.“ sagði Ólafía Þórunn um drauma sína í golfheiminum. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

## Nýjast

### Pepsi-deild karla

#### Fjölnir - ÍBV 1-1

1-0 Birnir Snær Ingason (38.), 1-1 Gunnar Heiðar Þorvaldsson, viti (70.).

#### Valur - Víkingur R. 4-1

1-0 Andri Adolphsson (23.), 2-0 Birkir Már Sævarsson (33.), 3-0 Andri (65.), 3-1 Nikolaj Hansen (80.), 4-1 Kristinn Ingi Halldórsson (90.).

#### KA - Fylkir 5-1

1-0 Ásgeir Sigurgeirsson (20.), 2-0 Callum Williams (44.), 3-0 Ásgeir (66.), 4-0 Aleksandar Trninic (78.), 5-0 Ásgeir (83.), 5-1 Valdimar Þór Ingimundarson (84.).

**Rautt spjald:** Ásgeir Eypórssson, Fylki (61.).

#### KR - Stjarnan 1-0

1-0 Óskar Örn Hauksson (30.).

#### Breiðablik - FH 4-1

1-0 Thomas Mikkelsen (32.), 1-1 Robbie Crawford (52.), 2-1 Davíð Kristján Ólafsson (76.), 3-1 Gísli Eyjólfsson (78.), 4-1 Arnór Gauti Ragnarsson (86.).

Efri	Neðri
Valur 28	Víkingur R. 18
Stjarnan 25	Grindavík 17
Breiðablik 25	ÍBV 13
KR 20	Fjölnir 13
FH 19	Fylkir 11
KA 18	Keflavík 3

### Pepsi-deild kvenna

#### HK/Víkingur - Þór/KA 2-5

0-1 Sandra Mayor (4.), 1-1 Hildur Antonsdóttir (6.), 1-2 Andrea Mist Pálsdóttir (42.), 1-3 Hulda Ósk Jónsdóttir (48.), 2-3 Hildur (60.), 2-4 Sandra Maria Jessen (71.), 2-5 Sandra Mayor (90.).

### Mjólkurbíkar kvenna

#### Fylkir - Stjarnan 1-9

1-0 Thelma Lóa Hermannsdóttir (19.), 1-1 Telma Hjaltalín Þrastardóttir (22.), 1-2 Harpa Þorsteinsdóttir (26.), 1-3 Harpa (27.), 1-4 Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir (45+1.), 1-5 Harpa (53.), 1-6 Sæunn Rós Rikharðsdóttir, sjálfsmark (57.), 1-7 Harpa (67.), 1-8 Guðmunda Brynja Óladóttir (75.), 1-9 Þórdís Hrönn (82.).

#### Breiðablik - Valur 2-0

1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (5.), 2-0 Berglind Björg (76.).

*Stjarnan og Breiðablik mætast í úrslitaleik Mjólkurbíkars kvenna 18. ágúst.*

### Inkasso-deild karla

#### Magni - HK 0-1

#### Víkingur Ó. - ÍR 2-1

### Inkasso-deild kvenna

#### Sindri - Hamrarnir 0-1

## Ítalskur sigur á Opna breska

**GOLF** Francesco Molinari hrósaði sigri á Opna breska meistaramótinu í golfi sem lauk í gær. Hann er fyrsti Ítallinn sem vinnur risamóti í golfi.

Hinn 35 ára gamli Molinari lék afar vel á lokahringnum þar sem hann tapaði ekki höggi. Hann lauk leik á samtals átta höggum undir pari og var tveimur höggum á undan Xander Schauffele, Kevin Kisner, Justin Rose og Rory McIlroy. Kisner, Schauffele og Jordan Spieth voru með forystu fyrir lokahringinn en enginn þeirra náði sér á strík í gær.

Tiger Woods sýndi að enn lifir í gömlum gleðum en hann var um tíma með forystu í gær. Hann endaði í 6.-8. sæti sem er besti árangur hans á risamóti síðan 2013. – íþs

# FÓLK

MÁNUDAGUR · 23. JÚLÍ 2018

Lífsstíll



## Vilja fá alla með

Druslugangan fer fram í Reykjavík næsta laugardag, 28. júlí. Gangan snýst um að útrýma kynferðisofbeldi, en í ár verður lögð áhersla á að ná til nýrra hópa og byggja á árangri #MeToo. →2

Eva Sigurðardóttir segir að í ár verði reynt að fá ýmsa ólíka hópa sem hafa ekki tekið þátt í Druslugöngunni áður til að vera með. MYND: ÞÓRSTEINN

Laugardaginn **28. júlí** mun Fréttablaðið gefa út aukablaðið

### AUGUN OKKAR

Það er áhugavert að samkvæmt sömu rannsókn þá eru karlmenn mun svifaseinni til að leita sér aðstoðar við skertri sjón, hafa þá tilhneigingu til að sætta sig við ástandið.

Markmið þessa blaðs er að bjóða lesendum okkar upp á ýmislega gagnlega fræðslu um heilbrigði augna. Bæði forvarnir og fræðslu um helstu augnkvilla sem herja á fólk í nútímasamfélagi. Einnig sláum við á léttari strengi, skoðum nýjustu tiskustrauma gleraugna og sólgleraugna.

Boðið er upp á hefðbundin auglýsingahólf sem og umfjallanir sem eru settar upp af blaðamanni okkar í góðu samræði við auglýsanda.

Stór dreifing og mikill lestur Fréttablaðsins tryggir að blaðið nær afar vel til ákjósanlegra markhópa.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

**Arnar Magnússon**  
Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins  
arnarm@frettabladid.is Sími: 512-5442



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Oddur Freyr  
Þorsteinsson

oddufrey@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

**D**ruslugangan fer fram í sjöunda sinn næsta laugardag, 28. júlí, klukkan 14. Eins og venjulega verður gengið frá Hallgrímskirkju niður á Austurvöll, en þar verða ræður og tónlistaratriði. Gangan er liður í baráttu gegn kynferðisofbeldi á Íslandi og hefur bæði vakið athygli og skilad árangri, ekki síst þegar kemur að því að breyta orðræðu um kynferðisglæpi hér á landi.

„Druslugangan er samstöðuganga með þolendum kynferðisofbeldis. Þetta er öruggur staður þar sem fólk getur komið saman, hvort sem þau eru þolendur, aðstandendur eða einhver sem er á móti ofbeldi, til þess að krefjast breytinga í samfélaginu og réttarkerfinu,“ segir Eva Sigurðardóttir, einn af skipuleggjendum Druslugöngunnar.

„Í ár höfum við lagt áherslu á að reyna að gera gönguna aðgengilega fyrir alla og ná til ýmissa hópa sem hafa ekki endilega tekið þátt áður. Við höfum til að mynda unnið verkefni sem eru ætluð til að ná betur til fatlaðra, fólks af erlendum uppruna og annarra hópa sem við höfum ekki náð mikið til síðustu ár. Við viljum endilega fá sem flesta til að vera með og vera meðvitaðir og verkefnið er ekki fyrir okkur, eða okkar hugarföstr, heldur er gangan allra.“

#### Kerfið þarf að vera þolendavænna

„Druslugangan hefur allveg klárlega breytt einhverju. Sérstaklega þegar kemur að orðræðu og viðhorfum í samfélaginu. Maður hefur tekið eftir því að fólk er opnara og tilbúnara til að segja frá,“ segir Eva. „Það sem vantar kannski enn þá eru breytingar innan kerfisins, bæði hjá lögreglu og dómstólum.“

Það þarf að bæta verkefnilana sem lögreglan vinnur eftir og það þarf að gera breytingar á dómum sem kynferðisafbrotamenn fá. Þetta er rosalega gerendavænt kerfi. Gerandinn fær alltaf að njóta vafans. Umræðan innan kerfisins þarf að vera þolendavænni, það þarf að vera tekið mark á þolendum og þeir þurfa að finna fyrir meira öryggi,“ segir Eva. „Það má alltaf gera betur og eins og við sáum í MeToo umræðunni þá er þetta enn þá rötgróid í menningunni. Þess vegna höldum við áfram með gönguna, það er enn þórfyrir hana.“

#### MeToo umræðan mikilvæg

„MeToo og Druslugangan tengjast, því markmiðin eru þau sömu, að



Eva segir að laga- og dómkerfið sé of gerendavænt.  
MYND/ÞORSTEINN

opna umræðuna og útrýma kynferðisofbeldi,“ segir Eva. „Það þarf að gera það mögulegt að segja frá og breyta, þannig að þetta hætti að eiga stað. En vandamálið er að það er enn þá verið að beita ofbeldi og það er það sem þarf að breyta, ekki bara að það sé ekki hægt að segja frá. Sumir átta sig líka bara ekki endilega á því hvað er ofbeldi.“

MeToo umræðan er mikilvæg á Íslandi. Sérstaklega eftir að konur í ólíkum stéttum fóru að segja frá því ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir,“ segir Eva. „Það var svo mikið samstaða og ég held að það sem hafi kannski helst setið eftir var fjöldi kvennanna sem kom fram. Í krafti fjöldans varð þetta risastórt og fólk fór að átta sig á því hvað þetta er mikið og alls staðar. En það er ekki nóg að bara segja frá þessu, nú þarf að vinna úr því. Þetta er ekkert búid. Það þarf að halda áfram.“

#### Baráttan heldur áfram

„Núna á þriðjudag, fimmtudag og föstudag verðum við með fræðslukvöld í Hinu húsinu, þar sem við fáum fólk úr ólíkum hópum samfélagsins til að koma og tala um sína reynslu,“ segir Eva. „Við ætlum að spjalla um hvað við getum gert til að bæta stöðuna, laga vandamál og vera til staðar.“

Við förum líka reglulega í heimsóknir í félagsmiðstöðvar, skóla og

fyrirtæki til að fræða og við erum alltaf til staðar, svo fólk getur alltaf leitað til okkar,“ segir Eva. „Við erum til dæmis í samvinnu við Iceland Airwaves núna til að hjálpa þeim að átta sig á hvað þau geta gert til að sporna gegn kynferðisofbeldi. Þannig að við höldum bara áfram baráttunni. Við gerum það sem þarf til að vinna að markmiðinu okkar, að útrýma kynferðisofbeldi.“

#### Nota tisku til að minna á málstaðinn

„Á göngunni í ár verðum við með nýjan varning: nýja boli, peysu, taupoka og perluarmbönd,“ segir Eva. „Hugmyndin á bak við þennan varning er að nýta flikur til að gera málstaðinn sýnilegan allan ársins hring og minna á hann hversdagslega, ekki bara í kringum gönguna. Við höldum

verðinu á honum í lágmarki og allur ágóði af sölnunni fer í að halda gönguna árið eftir og halda starfinu okkar áfram.“

Ég hvet alla til að koma á gönguna á laugardaginn til að sýna samstöðu með þolendum kynferðisofbeldis og krefjast breytinga,“ segir Eva. „Þetta er mikilvæg barátta sem þarf að halda áfram, því það er enn þá mikið eftir.“



Druslugangan hefur haft áhrif á orðræðuna um kynferðisafbrot á Íslandi. MYND/PORRI LINDAL GUDNASON



Gangan hefur farið fram árlega síðan árið 2011. MYND/PORRI LINDAL GUDNASON

## LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐIÐ.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tisku menningu, heilsu og margt fleira.

Fylgstu með á  
frettabladid.is/lifid

Ekki missa af neinu, fylgdu  
Fréttablaðinu á Facebook



# Fasteignablaðið

30. TBL. MÁNUDAGUR 23. JÚLÍ 2018

FASTEIGNIR. FRETABLADID.IS



Sigurður Samielsen  
Lögg. fast. og eigandi  
sigur@landmark.is  
sími 896 2312



Þórunn Thoreyri  
Söluskipti og eigandi  
th@landmark.is  
sími 770 0309



Póeyr Ólafsdóttir  
Lögg. fast. og eigandi  
poe@landmark.is  
sími 663 2300



Andri Sigurðsson  
Lögg. fast. og eigandi  
andi@landmark.is  
sími 690 3111



Sveinn Eylan  
Lögg. fast. og eigandi  
sve@landmark.is  
sími 690 0820



Kristján Ólafsson  
Löggiltur fast.  
kofi@landmark.is  
sími 512 4900



Nadia Katrín Banine  
Löggiltur fast.  
nadia@landmark.is  
sími 692 5002



Ingibjörg A. Jónsdóttir  
Löggiltur fast.  
ingib@landmark.is  
sími 897 6717



Eggert Maríason  
Löggiltur fast.  
egge@landmark.is  
sími 690 1472



Jóhanna Gustavsdóttir  
Löggiltur fast.  
joha@landmark.is  
sími 698 9470



Helga Snorrardóttir  
Stofa/lofta/okjallavinnsla  
landma@landmark.is  
sími 512 4900



Guðrún D. Lágvíksdóttir  
Skrifstofa / námi til lögg.  
gudru@landmark.is  
sími 512 4900



Ásdís Rósa Ágústardóttir  
Löggiltur fast.  
asdis@landmark.is  
sími 895 7784

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!

## Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson  
Frámhverfing, lögg.  
fasteignasali og leigumáleri  
896 5222



Heiðar Friðjónsson  
Söluskipti  
Löggiltur fasteignasali B.Sc  
693 3356



Herdís Valb. Hölludóttir  
Lögfræðingur  
og löggiltur fasteignasali  
694 6166



Ólafur F. Jóhannsson  
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur  
Fasteignasali. Skjalagerð.  
899 9083



Margrét Sigurgeirsdóttir  
Skrifstofustjóri  
margret@valholl.is  
588 4477



Pétur Steinar Jóhannsson  
Aðstoðarm.  
fasteignasala  
Snæfellsnesi  
893 4718



Anna F. Gunnarsdóttir.  
Lita og innanhús  
Stilist.  
Löggiltur fasteignasali  
892 8778



Snorri Snorrason  
Löggiltur Fasteignasali.  
Útibú Höfn í Hornafirði.  
895-2115



Framúrskarandi  
fyrirtæki

VALHÖLL  
FASTEIGNASALA  
Síðan 1995

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

## Nýjar íbúðir í Bæjarlind

Heimili, fasteignasala kynnir nýjar íbúðir í glæsilega hönnuðu fjölbýlishúsi að Bæjarlind 7-9. Húsið er ákklætt með áltré gluggum og er því viðhaldslítið. Sér staði í lokaðri bílageymslu fylgir.

Glæsilegt útsýni í norður og austur, rúmgóðar sérgæmslur í sameign. Staði í lokaðri bílageymslu fylgir. Tvær lyftur eru í húsinu. Íbúðirnar eru með fallegu parketi á gólfum nema í votrymum og anddyri, þar eru flisar á gólf. Allar innréttingar og fataskápar eru frá Axis. Tæki í eldhúsi frá Ormsön og blöndunartæki frá Tengi. Afhending strax við kaup-samning.

Hefðbundin lýsing á íbúð:  
Komið er inn í anddyri með fataskáp, frá anddyri er gengið inn í herbergi og gestasalerni. Herbergi með fataskáp, útgengi út á svalir. Gestasalerni: flisar á veggjum og á gólf, litil innrétting. Stofa, borðstofa og eldhús í opnu rými, útgengi út á stórar svalir. Þvottahús og búr; flisar á gólf, innrétting. Baðherbergi með innréttingu, flisar á veggjum og gólf, sturtuklefi, handklæðaðfn. Frá hjónaherbergi er glæsilegt útsýni.



Fallegt fjölbýli við Bæjarlind í Kópavogi. Íbúðirnar eru rúmgóðar og fallegar.

Stórir fataskápar. Herbergi með fataskáp, glæsilegt útsýni.

Geymsla í sameign, mjög hátt til lofts. Staði í lokaðum bílarkjallara. Glæsileg eign í mjög vönduðu húsi á góðum stað. Eign sem vert er að skoða.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á Heimili fasteignasölu, sími 530-6500.



Stofa, borðstofa og eldhús er í opnu rými.

## RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

# intellecta



# EIGNAMÍÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957



Sverrir Kristjánsson  
Löggitur  
fasteignasali



Kjartan Halldórsson  
Löggitur  
fasteignasali  
Sími 824 9093



Guðmundur Sigurjónsson  
Lögfræðingur,  
löggitur  
fasteignasali



Guðlaugur I. Guðlaugsson  
Löggitur  
fasteignasali  
Sími 864 5464



Þórarinn M. Fríðgeirsson  
Löggitur  
fasteignasali,  
skilustjórnari  
Sími 899 1882



Magna S. Sverrisdóttir  
MBA, löggitur  
fasteignasali  
Sími 861 8511



Hilmar Þór Hafsteinnsson  
Löggitur  
fasteignasali,  
löggitur  
leigumátlari  
Sími 824 9098

## SVÖLUHÖFÐI 1 270 MOSFELLSBÆR



OPÍÐ HÚS



Fallegt 194,9 fm endaraðhús með innbyggðum bílskúr við Svöluhöfða í Mosfellsbæ. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu, eldhús, sjónvarpshol, fjögur herbergi, rísherbergi, tvö baðherbergi og þvottahús. Timburvernd og fallægur bakgarður í suðurátt. Fallæg eign á vinsælum stað í Mosfellsbæ. Stutt er í grunnskóla, leikskóla og sundlaug, en auk þess er golfvöllur og fallægur gönguleiðir í næsta nágrenni. **V. 84,9 m.**

**Opíð hús mánudaginn 23. júlí milli 17:00 og 17:30.**  
Nánari uppl.: Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096.

## DIGRANESVEGUR 34 200 KÓPAVOGUR



OPÍÐ HÚS

Rúmgöð og björt 4-5 herb. samtals 153,2 fm íbúð með bílskúr við Digranesveg í Kópavogi. Íbúð er skráð 115,4 fm og bílskúr 34,2 fm. Íbúðin skiptist m.a. í tvær stofur, eldhús, baðherbergi og þrjú herbergi. Frábært útsýni. Stutt í skóla og alla helstu þjónustu. Laus við kaupsamning. **V. 49,9 m.**

**Opíð hús þriðjudaginn 24. júlí milli 17:00 og 17:30.**  
Nánari uppl.: Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096.

## DREKAVELLIR 36 221 HAFNARFJÖRÐUR



OPÍÐ HÚS

Mjög fallæg 175,6 fm íbúð merkt 02-03 í skemmtilegu 6 íbúða fjölbýlishúsi á Völlumum. Sér innng. íbúðin er á þremur hæðum. Stofa/borðstofa, eldhús, þrjú herbergi og tvö baðherbergi. Mikil loft hæð. Svavar til suðurs. **V. 52,9 m.**

**Opíð hús mánudaginn 23. júlí milli 17:00 og 17:30.**  
Nánari uppl.: Alexander I. Kristjánsson s. 695 7700.

## DREKAVELLIR 22 221 HAFNARFJÖRÐUR



Góð 105,4 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu snyrtilega ákklæddu fjölbýli. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi og þvottahús. Suðursvalir útaf stofu. Hraunvalla-skóli hinum megin við götuna og stuttu í verslun. Íbúðin getur verið laus fjötlega. **V. 44,9 m.**

**Nánari uppl.: Alexander I. Kristjánsson lg.fs. s. 695 7700.**

## ÁSVALLAGATA 3 101 REYKJAVÍK



OPÍÐ HÚS

Björt og fallæg 81,8 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýli við Ásvallagötu. Íbúðin skiptist m.a. í tvær samliggjandi stofur með rennihúð á milli, rúmgott herbergi, eldhús, baðherbergi og gang. Hægt væri að nýta aðra stofuna sem herbergi. Aukin loft hæð er í íbúðinni og skreyttir listar í loftum. Íbúðin er laus við kaupsamning. Göngufæri í leikskóla og skóla. Frábær staðsetning örstutt frá miðbæ Reykjavíkur. **V. 49,5 m.**

**Opíð hús mánudaginn 23. júlí milli 17:00 og 17:30.**  
Nánari uppl.: Hilmar P. Hafsteinnsson lg.fs. s. 824 9098.

## SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 6B 101 REYKJAVÍK



Vel skipulögð og staðsett 84,4 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð við Skólavörðustíg. Falllegt útsýni. Físalagðar svalir til suðurs og vesturs. Eignin er einstaklega vel staðsett, stutt er í alla þjónustu s.s. matvöruhúðir, verslanir, miðbæinn o.fl. Íbúðin er laus við kaupsamning. **V. 45,9 m.**

**Nánari uppl.: Alexander I. Kristjánsson lg.fs. s. 695 7700.**

## FÁLKAGATA 20 107 REYKJAVÍK



Vorum að fá í sölu parhús við Fálkagötu sem skiptist í hæð, ris og kjallara, skráð samtals 72,6 fm. Kjallarin er óskráður og með litilli loft hæð. Um er að ræða eign sem þarf að skoða sérstaklega vel með fagfólki en húsið er nánast fókelt. Bókið skoðun, sýnum samdagur. **V. 37,9 m.**

**Nánari uppl.: Hilmar Hafsteinnsson lg.fs. s. 824 9098.**  
Brynjar P. Sumariðason lg.fs. s. 896 1168.

## HAMRABORG 36 200 KÓPAVOGUR



2ja-3ja herb. 71,3 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli við Hamraborg. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, 1-2 herbergi (ljónaerbergi og annað minna herbergi innaf því), eldhús, baðherbergi og forstofu. Staði í opnu/sameiginlegu bílstæðahúsi tilheyrir. Mjög góð staðsetning. Örstutt verslanir og alla helstu þjónustu. **V. 32,9 m.**

**Nánari uppl.: Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096.**

## ÁSBRAUT 13 200 KÓPAVOGUR



OPÍÐ HÚS

5 herb. 121,2 fm íbúð á 1.hæð í góðu steniðlaðu fjölbýli við Ásbraut í Kópavogi. Fjögur svefnherbergi, sér þvottahús innan íbúðarinnar og búr, tvennar svalir, snyrtileg sameign. Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. **V. 43,9 m.**

**Opíð hús þriðjudaginn 24. júlí milli 17:00 og 17:30.**  
Nánari uppl.: Hilmar P. Hafsteinnsson lg.fs. s. 824 9098.

## GERPLUSTRÆTI 31 270 MOSFELLSBÆR



OPÍÐ HÚS

Glasiegill ný 4ra herb. 96,2 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi við Gerplustræti í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, þrjú herbergi og baðherbergi. Innretingar eru af vandaðri gerði. Staði í bilageymslu tilheyrir íbúðinni. Áætluð afhending íbúðar er í júlí 2018. **V. 44,5 m.**

**Opíð hús þriðjudaginn 24. júlí milli 17:00 og 17:30.**  
Nánari uppl.: Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096.  
Alexander I. Kristjánsson lg.fs. s. 695 7700.





**Brynjar Þ. Sumarliðason**  
BSc í  
viðskiptafræði,  
lögglitir  
fasteignasali  
Sími 896 1168



**Alexander Ingi Kristjánsson**  
Lögglitir  
fasteignasali  
Sími 695 7700



**Daði Hafþórsson**  
Lögglitir  
fasteignasali  
Sími 824 9096



**Hreiðar Levy Guðmundsson**  
Nemi til  
lögglitunar  
fasteignasala  
Sími 661 6021



**Jenny Sandra Gunnarsdóttir**  
Skrifstofustjóri



**Kamilla Björk Garðarsdóttir**  
Skjalagerð



**Ásdís H. Júlíusdóttir**  
Ritari



**María Waltersdóttir**  
Móttökuritari

## SÓLTÚN 7 105 REYKJAVÍK



### OPIÐ HÚS

Rúmgóð 104 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi við Sóltún. Íbúðin skiptist í anddyri, hol, stofu, borðstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús sem er innan íbúðar. Góðar geymslur tilheyra íbúðinni. Frá stofu er gengið út á svalir með svalalokun. Sameiginleg vagna- og hjólageymsla er á jarðhæð. Íbúðin er laus við kaupsamning. Mjög góð staðsetning. Órútt í verslanir og alla helstu þjónustu. **V. 49,0 m.**

**Opið hús miðvikudaginn 25. júlí milli 17:00 og 17:30.**

**Nánari uppl.: Hilmar Þ. Hafsteinnsson lg.fs. s. 824 9098.**



## FJÓLUGATA 1 101 REYKJAVÍK



Glæsilegt 473,3 fm einbýlishús við Fjólugötu í Þingholtunum. Húsið er á tveimur hæðum auk kjallara. Tvöfaldir sérstæður bílskur með geymslu og sólstofu. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu m.a. yfir Tjörnina. Húsið var endurnýjað/endurbýgt að nánast öllum leyti árið 2002 og var hvergi til sparað. Mikil áhersla var lögð á að halda í upprunalegt útlit hússins m.a. hvað varðar þak hússins, gluggasetningu og skipulag. Frá þessum tíma hefur verið gott viðhald á húsinu.

**Nánari uppl.: Sverrir Kristinnsson lg.fs. s. 861 8514.**

## KIRKJUTEIGUR 5 105 REYKJAVÍK



Vel skipulögð 56,9 fm 2ja herb. íbúð í falllegu litlu fjölbýli við Kirkjuteig í Reykjavík. Björt parketlögð stofa og rúmgott eldhús. Flísalaug baðherbergi með sturtu. Stór sameiginleg garður er í kringum húsið. Endurnýjað skolp og dren. Góð staðsetning í rólegu umhverfi. **V. 32,9 m.**

**Opið hús miðvikudaginn 25. júlí milli 12:15 og 12:45.**

**Nánari uppl.: Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096.**

## GRANDAVEGUR 37 107 REYKJAVÍK



Vorum að fá í sölu góða 39,5 fm 2ja herbergja íbúð með sér inngangi við Grandaveg 37 í Reykjavík. Nýlegt járn á þaki, nýleg gólfefni og nýir gluggar. Eignarlóð skráð 228 fm. Frábær staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, verslanir og alla helstu þjónustu.

**Nánari uppl.: Hilmar Þ. Hafsteinnsson lg.fs. s. 824 9098. V.29,95 m.**

## 49 NÝJAR ÍBÚÐIR Í EFSTALEITI



**BÓKIÐ SKOÐUN  
– SÝNUM  
SAMDÆGURS**

## Efstaleiti

**FRÁBÆRLEGA STAÐSETTAR ÍBÚÐIR MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**

Í Efstaleitinu rís nútímalegt íbúðarverfi á einum besta stað í borginni. Efstaleitið er sannkallað miðborgarverfi í göngufærri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði.

- Stærð íbúða frá 35,3 fm uppí 160 fm
- Fjölbreytt úrval íbúða
- Flestar íbúðir m. staði í bílageymslu
- Vandaðar og nútímalegar íbúðir
- Verð frá 28,9 millj.

## NÝJAR ÍBÚÐIR VIÐ HLÍÐARENDA



**OPIÐ HÚS  
MÁNUDAG OG  
ÞRIÐJUDAG  
KL. 12.15-12.45**

## Arnarhlíð

**FRÁBÆR STAÐSETNING MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**

Arnarhlíð 1 er nýtt 40 íbúða lyftuhús við Hlíðarenda. Húsið er einangrað og klætt að utanverðu með slétri áíklæðningu. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja. Íbúðunum verður skilað fullbúnum fyrir utan megin gólfefni; uppþvottavél og ísskápur fylgja. Sérsmíðaðar vandaðar innréttingar. Svalir eru á öllum íbúðunum. Einng er stórt sameiginlegt útsvæði á hverri hæð.

- Stærð frá 57 fm – 112 fm.
- Verð frá 39,8 millj.

**Daði Hafþórsson**  
lögglitir fasteignasali  
dadi@eignamidun.is  
Sími 824 9096



**Hilmar Þór Hafsteinnsson**  
lögglitir fasteignasali  
hilmar@eignamidun.is  
Sími 824 9098



**Brynjar Þór Sumarliðason**  
lögglitir fasteignasali  
brynjar@eignamidun.is  
Sími 896 1168



**Alexander Ingi Kristjánsson**  
lögglitir fasteignasali  
alexander@eignamidun.is  
Sími 695 7700



# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn sölupóknun.



**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN ehf.**

Öðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

**Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI**



Jón Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.  
Jónsson  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar  
Hallgrímsson  
hdl. og lögg.  
fasteignasali  
heimir@fastmark.is



Elin D. Wyszomirski  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fast-  
mark.is



Gísli Rafn  
Guðinnsson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
gisli@fastmark.is



Halveig Guðadóttir  
Skrifstofustjóri  
halveig@fastmark.is

## Óskum eftir 2ja -3ja herbergja íbúð í lyftuhúsi í Salahverfi eða Smárum Kópavogi.

### Hverafold 19. 3ja herbergja íbúð með yfirbyggðum svölum.



OPÍÐ HÚS  
MÁNUDAG

Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög falleg 93,4 fm. íbúð á 3. hæð að meðalinni sér geymslu við Hverafold í Grafarvogi. Yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs. Þvottaherbergi innan íbúðar. Rúmgóð stofa sem rúmar vel borðstofuborð. Snrytilegt eldhús með gluggum til vesturs og góðum borðkrók. Tvö góð herbergi. Útsýnis nýtur til vesturs, út á Grafarvögin og yfir miðborgina.

Vel skipulögð íbúð í Foldahverfi í Grafarvogi. Stutt í grunnskóla og í útivistar- og íþróttasvæði.

Verð 41,2 millj.

### Porragata 7. 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr.



OPÍÐ HÚS  
ÞRIÐJUDAG

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög góð 149,8 fm. íbúð, að meðtöldum bílskúr og sérgeymslu í þessu eftirsóttta fjölbýlishúsi fyrir 63ja ára og eldri við Porragötu.

Íbúðin er öll innréttuð með fjósum víði, Beyki, og litur vel út. Mjög stór stofa með útgengi á skól-sælar svalir til suðurs sem eru yfirbyggðar að hluta.

Útsýnis nýtur frá stofum og bókaherbergi yfir sjóinn, að Bláfljóllum, Áltanesi og Reykjanesinu. Þrjú rúmgóð herbergi. Húsvörður.

Íbúðin er laus fljótlega.

Verð 79,9 millj.

### Klyfjasel. Vel staðsett einbýlishús



Fallegt 295,2 fm. steinsteyppt einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara, að meðtöldum 37,8 fm. innbyggðum bílskúr. Stórar svalir sem snúa til suðurs og vesturs með útgengi úr stofu/borðstofu. Húsið er bjart með miklum gluggum á aðalhäðum. Aukin lofthæð er á efri hæð hússins. Stofa/sjónvarpsrými með stórum gluggum til suðurs. Í dag eru 5 rúmgóð svefnherbergi en auðvelt væri að bæta við sjötta svefnherberginu í óskráðu rými í kjallara. Góð staðsetning í lokuðum botnlanga.

Möguleiki væri að gera aukna íbúð í kjallara með séríngangi.

Verð 84,9 millj.

### Kópavogsbraut – Kópavogi. Efri hæð „penthouse“. Tvennar þaksvaflir



Virkilega glæsileg 212,0 fm. efri hæð „penthouse“ með tvennum 40 fm. þaksvölum og einstöku útsýni í vönduðu og klæddu fjölbýlishúsi auk 30,8 fm. bílskúrs. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Allar fastar innréttingar eru af gerðinni HTH frá Bræðrunum Ormsson og öll tæki af gerðinni AEG. Aukin lofthæð er í eigninni og gólfslór gluggar að hluta. Tvö sér bílastæði fylgja eigninni á lóð hússins.

Eignin er á allri efstu hæð hússins og frá henni nýtur óviðjafnanlegs útsýnis yfir sjóinn, yfir Áltanes, Bláfljólin og austur að Hengli.

Verð 99,5 millj.

### Lómasalir 12 – Kópavogi. Mjög góð 4ra herbergja íbúð.



OPÍÐ HÚS  
ÞRIÐJUDAG

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Björt og vel skipulögð 124,2 fm. íbúð á 3. hæð að meðalinni sér geymslu. Íbúðin er með rúmgóðum svölum til suðvesturs og sér bílastæði í bílageymslu. Rúmgóð stofa með stórum gluggum til vesturs og norðurs. Fallegt útsýni að Skarðshelði, Esju og út á sundin. Þrjú svefnherbergi. Þvottaherbergi inn af eldhúsi. Gengið er inn í íbúð af opnum stígapalli með glerlokun að hluta.

Stutt í Salaskóla, Salalag, Kórinn íþróttasvæði og Golfklúbb Garðabæjar.

Verð 51,9 millj.

### Engihjalli 17 – Kópavogi. 2ja herbergja íbúð – laus fljótlega.



OPÍÐ HÚS  
MIÐVIKUDAG

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg og björt 64,1 fm. íbúð á 1. hæð með vestursvölum í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi við Engihjalla. Rúmgóð stofa. Svefnherbergi með útgengi á stórar svalir til vesturs. Eldhús með eldri viðarinnréttingum. Sér geymsla. Á hæðinni er sameiginlegt þvottaherbergi með 2 öðrum íbúðum og sér tenglum fyrir hverja íbúð.

Íbúðin getur verið laus til afhendingar fljótlega.

Verð 27,9 millj.

### Klapparstigur 18. 3ja herbergja íbúð á tveimur efstu hæðum.



OPÍÐ HÚS  
MIÐVIKUDAG

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 12.00 – 12.30

Falleg 106,9 fm. íbúð á tveimur efstu hæðunum, 4. og 5.hæð, auk sérstæðis í bílageymslu. Möguleiki væri að stúka af fleiri svefnherbergi á efri hæð. Útgengi úr stofu á efri hæð á stórar svalir til vesturs með glæsilegu útsýni út á Sundin að Snæfellsnesi og yfir miðborgina. Hentugt fyrir þá sem vinna í miðbænum eða fyrir þá sem vilja leigja út til ferðamanna. Möguleiki er að kaupa aðra íbúð, 2ja herbergja í sama húsi á 3. hæð. Um er að ræða fallega íbúð með glæsilegu útsýni á afar vinsælum stað í miðborg Reykjavíkur. Í göngu-færi við allt það besta sem borgarlífi hefur upp á að bjóða.

Verð 59,9 millj.

### Kamsvegur. Mjög góð 6 herbergja sérhæð.



Afar falleg 143,4 fm. neðri sérhæð að meðtöldum 28,0 fm. bílskúr við Kamsveg á frábærum stað í nálægð við Laugardalinn. Stofa með gluggum til suðurs og austurs og með fallegum loftistum og róseltum í loftum. Forstofuherbergi sem gæti verið fjórða svefnherbergið. Tvö barnaherbergi. Rúmgott hjónaherbergi. Eldhús með sprautlakaðri innréttingu með góðu skápaplássi.

Þvottaherbergi með útgengi á baklóð.

Stór ræktuð lóð með viðarvernd.

Verð 57,9 millj.

### Vatnsendahlíð. Sumarhús í Skorradal.



Vel byggður 71,8 fm. sumarbústaður að meðtöldu 9,5 fm. baðhúsi, sem er nýtt sem herbergi í dag, við Vatnsendahlíð í Skorradal á 2.508,0 fm. leigulóð með stórkostlegu útsýni yfir Skorradalsvatn og fjallgarðinn í suðri. Bústaðurinn er allur viðbarklæddur að innan. Rafmagnskynding er í húsinu en þó er það upphitað með vatnsloftum með hringrásarkerfi. Verðind er yfirbyggð að hluta á milli bústaðarins og baðhússins. Stór um 100 fm. afgirt viðarvernd umlykur bústaðinn á þrjú vegu. Aukin lofthæð er í stofu og herbergjum.

Verð 29,9 millj.

### Heilsársnúshús á eignarlandi í landi Heyholts, Borgarbyggð.



